Kennslumat í fjarnámi vorið 2026

Kennslumatið var lagt fyrir frá 3. mars til 28. apríl. Því var dreift í gegnum kennsluvefi á Moodle og með póst- og SMS-sendingum í gegnum Innu. Matið fór fram í gegnum Microsoft Forms. Matið var með nokkuð breyttu sniði en undanfarnar annir. Alls barst 382 svar af 3559 skráningum í fjarnámið eða um 10,7% þátttaka. Þátttakan var betri en vorið 2025 þegar hún var 9,4% en verri en haustið 2025 þegar hún var um 13%.

Eitt helsta markmið matsins var að varpa ljósi á endurgjöf kennara á verkefni nemenda. Það er vegna þess að nemendur hafa verið minna sammála fullyrðingunni:

Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi ábendingum

en öðrum fullyrðingum sem bornar eru undir þá undanfarnar annir í kennslumati í fjarnámi.

Spurningarnar sem lagðar voru fyrir nemendur voru sem hér segir:


1. Hvaða staðhæfingar lýsa áfanganum best? [Merktu við einn valmöguleika á kvarðanum sem þér finnst eiga best við hverja staðhæfingu]
    a) Áfanginn er vel skipulagður [Mjög sammála, frekar sammála, veit ekki/vil ekki svara, frekar ósammála og mjög ósammála]
    b) Námsáætlun áfangans er skýr [Mjög sammála, frekar sammála, veit ekki/vil ekki svara, frekar ósammála og mjög ósammála]
    c) Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr [Mjög sammála, frekar sammála, veit ekki/vil ekki svara, frekar ósammála og mjög ósammála]
    d) Ég á auðvelt með að skilja einkunnarbók áfangans [Mjög sammála, frekar sammála, veit ekki/vil ekki svara, frekar ósammála og mjög ósammála]
2. Hversu ánægður ertu með eftirfarandi námsgögn:
    a) Kennslubók [Mjög ánægður, frekar ánægður, veit ekki/vil ekki svara, frekar óánægður og mjög óánægður]
    b) Glærur [Mjög ánægður, frekar ánægður, veit ekki/vil ekki svara, frekar óánægður og mjög óánægður]
    c) Verkefnum skilað í skilahólf [Mjög ánægður, frekar ánægður, veit ekki/vil ekki svara, frekar óánægður og mjög óánægður]
    d) Kennslumyndbönd [Mjög ánægður, frekar ánægður, veit ekki/vil ekki svara, frekar óánægður og mjög óánægður]
    e) Krossapróf (e. quiz) [Mjög ánægður, frekar ánægður, veit ekki/vil ekki svara, frekar óánægður og mjög óánægður]
3. Koma reglulega tilkynningar frá kennara inn í námsvef í Moodle? [Já/Nei]
4. Færðu tilkynningar frá kennara með öðrum hætti, t.d. með tölvupósti? [Já/Nei]
5. Tilkynningar kennarans eru mjög gagnlegar og hvetjandi í náminu [Mjög sammála, frekar sammála, veit ekki/vil ekki svara, frekar ósammála og mjög ósammála]
6. Einkunnagjöf í áfanganum fylgir tilsögn (e. instruction) frá kennara? [Aldrei, stundum, alltaf]
7. Hve lengi eru einkunnir að berast að jafnaði eftir próf/skilaverkefni? [Samstundis, innan fárra daga eða eftir viku, eftir tvær vikur, lengur en eftir tvær vikur]
8. Merktu við einn valmöguleika á kvarðanum sem þér finnst eiga best við hverja staðhæfingu:
    a) Ég fæ krossapróf (e. quiz) til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi ábendingum sem hægt er að læra af [Mjög sammála, frekar sammála, veit ekki/vil ekki svara, frekar ósammála og mjög ósammála]

b) Ég fæ skilaverkefni sem skilað er í skilahólf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi ábendingum sem hægt er að læra af [Mjög sammála, frekar sammála, veit ekki/vil ekki svara, frekar ósammála og mjög ósammála]
c) Öðrum verkefnum er skilað til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi ábendingum sem hægt er að læra af [Mjög sammála, frekar sammála, veit ekki/vil ekki svara, frekar ósammála og mjög ósammála]

9. Hvað finnst þér best við ábendingar(e. feedback) kennara á verkefni, svör við fyrirspurnum eða tilkynningar hans?
10. Eitthvað sem mætti betur fara við ábendingar (e. feedback) kennara á verkefni, svör við fyrirspurnum eða tilkynningar frá honum?
11. Hvaða einkunn gefur þú áfanganum á bilinu 1-10?

Dreifing í fjölda þátttakenda

Alls bárust svör frá nemendum úr 82 áföngum af 87 eða um 94%. Það eru hlutfallslega mjög fáir áfangar þar sem engin svör komu.




Að meðaltali bárust um 4,7 svör en miðgildið var 3,0. Það er meiri hægriskekkja í nemendafjölda áfanganna en í þátttökudreifingu könnunarinnar (sé hún mæld sem mismunur meðaltals og miðgildis deilt með staðalfráviki).


Niðurstöður spurningar 1

Hér á eftir koma svo niðurstöður hverrar spurningar fyrir sig. Allar spurningar voru á Likert-kvarða þar sem nemendur gátu merkt við fullyrðingar: Mjög ósammála, frekar ósammála, veit ekki/vil ekki svara, frekar sammála og mjög sammála. Þessar spurningar hafa verið bornar upp við nemendur á undanförnum árum í kennslukönnun fjarnáms FÁ og fengið jákvæðar undirtektir. Niðurstaðan í þessari að þessu sinni er á pari við fyrri annir.


Spurning a: Áfanginn er vel skipulagður




Spurning b: Námsáætlun áfangans er skýr



Spurning c: Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr




Spurning d: Ég á auðvelt með að skilja einkunnarbók áfangans




Niðurstöður spurningar 2

Spurt var hversu ánægðir nemendur væru með námsgögn: Kennslubók, glærur, verkefni skilað í skilahólf og kennslumyndbönd. Svörin voru á Likert-kvarða þar sem nemendur gátu merkt við fullyrðingar: Mjög óánægður, frekar óánægður, veit ekki/vil ekki svara, frekar ánægður og mjög ánægður.


Kennslubók




Glærur




Verkefnum skilað í skilahólf



Kennslumyndbönd




Krossapróf (e. quiz)




Nemendur eru ekki jafn ánægðir með námsgögnin og fullyrðingarnar í spurningu 1. Það er frekar óalgengt að nemendur séu ekki í a.m.k. 70% tilvika ánægðir með spurningar um fjarnámið á Likert-kvarða. Síst eru nemendur ánægðir með kennslubók (68%), glærur (64%) og kennslumyndbönd (59%). Nemendur eru ánægðari með þá þætti sem snúa beint að kennsluumhverfinu/Moodle (verkefnum skilað í skilahólf og krossapróf). Þegar kennsluvefir áfanga eru skoðaðir þá má sjá að í sumum áföngum eru engin kennslumyndbönd. Niðurstöðurnar eru ábending til kennara og fjarnáms FÁ að huga að námsefni og námsefnisgerð til nemenda.

Niðurstöður spurninga 3-5: Tilkynningar kennara


Þegar nemendur voru spurðir út í það hvort kennarinn setti inn tilkynningar reglulega var svarið í rúmlega 70% tilvika já.



Um helmingur svarenda sagðist fá tilkynningar með öðrum hætti sem vekur athygli því að kennurum er uppálagt að nota Moodle til að koma tilkynningum á framfæri við nemendur. Mjög líklega eru tilkynningar sendar út til nemenda í gegnum Innu og í einhverjum tilvikum með SMS-skeytum. Slíkt er kostnaðarsamt fyrir skólann. Hér þurfa fjarkennarar að samræma vinnubrögð.




Um 65% nemenda finnst gagnlegt að fá þessar tilkynningar og miklum minnihluta þykja þær ógagnlegar (12,8%).



Hvetja ætti kennara til þess að senda inn reglulegar tilkynningar á Moodle eða á þeim vettvangi sem fjarnám FÁ velur sér. Í flestum tilvikum eru slíkar tilkynningar gagnlegar að mati nemenda.


Spurningar 6-7: Endurgjöf kennara

Í 17% tilvika segja nemendur að einkunnagjöf fylgi aldrei tilsögn frá kennara en í tæplega 50% tilvika alltaf. Það er nokkuð í takt við niðurstöður í spurningu 9 þar sem kafað er nánar í endurgjöf kennara.



Það er einhver hluti áfanga í fjarnámi þar sem öll verkefni á önninni eru krossapróf (e. quiz). Í einhverjum er mjög lítil endurgjöf á verkefni sem skilað er í skilahólf (e. assignment). Það er viðfangsefni fjarnámsins að auka endurgjöf kennara til nemenda. Það þarf að þjálfa og leiðbeina kennurrum um þær leiðir bæði við endurgjöf krossaprófa og verkefna sem skilað er í skilahólf.


Flestir kennarar gefa einkunnir tímanlega (ekki líður lengri tími en vika) eða í rúmlega 80% tilvika. Það verður að teljast nokkuð gott.




Spurning 8-nánar um endurgjöf kennara

Spurt var þriggja spurninga um endurgjöf á Likert-kvarða þar sem nemendur gátu merkt við fullyrðingar: Mjög ósammála, frekar ósammála, veit ekki/vil ekki svara, frekar sammála og mjög sammála.


a) Ég fæ krossapróf (e. quiz) til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi ábendingum sem hægt er að læra af



b) Ég fæ skilaverkefni sem skilað er í skilahólf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi ábendingum sem hægt er að læra af



c) Öðrum verkefnum er skilað til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi ábendingum sem hægt er að læra af



Tæpur helmingur nemenda er sammála um að þeir fái leiðbenandi og uppbyggjandi endurgjöf af verkefnum eins og í spurningu 6. Samanborið við spurningar 1 og 2 þá eru bláu sneiðarnar í niðurstöðum mun minni sem segir okkur að það sé minni ánægja með endurgjöfina en þau atriði sem spurt var um í 1 og 2 (uppbyggingu áfanga, kennsluefni og verkefni).

Spurning 9: Hvað finnst þér best við ábendingar(e. feedback) kennara á verkefni, svör við fyrirspurnum eða tilkynningar hans?

Tæplega 60% nemenda gáfu engar skýringar eða sögðust ekki vita hverju þeir ættu að svara. Rúmlega 7% nemenda sögðust ekki fá neinar ábendingar frá kennara. Sum svör nemendanna eru almenn jákvæðni eða neikvæðni í garð kennarans og áfangans. Oft tala nemendur almennt um hvað

þeim þykir gott við ábendingar án þess að það sé ljóst hvort það eigi við um kennara áfangans. Nemendur meta skýrleika, hlýju, jákvæðni og hversu fljótt endurgjöfin berst.

Hér á eftir fara nokkur dæmi um athugasemdir:

- *Mjög fljót að fara yfir verkefni, próf og að svara skilaboðum, tekur mun minni tíma en maður á von á sem er frábært.*
- Að það sé ekki verið að dæma mig fyrir mistök mín
- *fáum svör við öllum verkefnum sem við gerum heima inn á moodle en gerum líka rafræn verkefni og fáum svör við þeim strax*
- *Hann setur svör við lang flestum heima verkefnum inn svo við getum borið saman önnur verkefni eru rafræn og við fáum svör strax við þeim*
- *Hún er bara rosalega skýr. Maður þarf aldrei að spyrja hvað hún meinar og ef að maður gerði það skapar hún svo gott andrúmsloft að maður þorir því alveg.*

Spurning 10: Eitthvað sem mætti betur fara við ábendingar (e. feedback) kennara á verkefni, svör við fyrirspurnum eða tilkynningar frá honum?

Nemendur sögðu í 68% tilvika ekki vita hvað mætti betur fara eða gáfu ekki í skýringar. Í 11% tilvika sögðu þeir að nei eða að ekkert mætti betur fara. Í um 9% tilvika var talað um að engar ábendingar hefðu borist frá kennara eða þær mættu vera fleiri. Margar athugasemdir eru almennar og snúa að kennaranum og áfanganum, t.d. voru nokkrar um galla Safe exam browser.


Nemendur kvarta yfir seinagangi, engum ábendingum eða að ábendingarnar séu ekki nægilega nákvæmar.

Hér á eftir fara nokkur dæmi um athugasemdir:

- *Persónulega hef bara ekki fengið neinar ábendingar fyrir verkefni, og hef ekki fengið einkunnir fyrir neinu verkefni nema þau sem var skilað i miðjum febrúar.*
- *of mikið af orðum, langir póstar sem gagnast ekki.*
- *Kennarinn segir alltaf málfar ábótavant, ég er ósammála, en ég get heldur ekki séð hvaða tiltekna málfar er um að ræða. Við fáum bara texta/endurgjöf en engar athugasemdir á ritgerðinni sjálfri. Til dæmis þarna fékkstu mínus stig því þú skrifaðir íslendingur en ekki Íslendingur. Væri gott að sjá því ég get ekki bætt skrifin mín ef ég veit ekki hvað um er að ræða.*
- *Hún mætti endilega setja rétta svarið á profum eftir á, ég veit aldrei hvað rétta svarið er.*

Niðurstöður spurningar 11

Að meðaltali gáfu nemendur áföngum sínum einkunnina 7,4 og var miðgildið 8,0 sem er svipuð niðurstaða og undanfarin ár þótt meðaltalið sé heldur lægra. rúmlega 75% nemenda gáfu áföngum sínum einkunnina sjö eða hærra. Einkunnagjöfin er mjög dæmigerð.



Lokaorð

- Í sögulegu ljósi var þátttakan heldur dræm og mætti vera meiri

	Vor 2024	Haust 2024	Vor 2025	Haust 2025	Vor 2026
Þátttaka sem hlutfall af skráningum	14%	14%	9%	13%	11%

  Það virðist vera afar snúið að fá nemendur til þess að taka þátt í kennslumati.
- Nemendur í 94% áfanga í fjarnámi tók þátt í könnuninni og miðgildi í fjölda nemenda sem svaraði var 3 og meðaltalið 4,7.
- Í spurningu 1 voru fullyrðingar sem nemendur voru í um 80% tilvika sammála. Þetta eru allt spurningar sem snúa að kennslunni og uppsetningu áfangans. Allar fullyrðingarnar hafa komið fyrir í könnunum undanfarnar annir og eru svör nemendanna á sömu lund og áður.
- Í spurningu 2 eru nemendur síður ánægðir/sammála en fullyrðingum í spurningu 1. Minni ánægja var með kennslumyndbönd, glærur og kennslubók en krossapróf og skilahólf.
- Rúmlega 70% nemenda fær tilkynningar frá kennara í gegnum kennsluvef (Moodle) en það vekur athygli að um helmingur nemenda fær þær með öðrum leiðum en í gegnum kennsluvefinn. Hér er þörf á að samræma leiðir fyrir tilkynningar til nemenda. Það er rétt að hvetja kennara til að setja inn tilkynningar því nemendur telja þær að mestu leyti gagnlegar.
- 17% nemenda segja að einkunnagjöf fylgi aldrei endurgjöf og einungis tæpur meirihluti segir að endurgjöf fylgi alltaf einkunnagjöf.
- Í rúmlega 80% tilvika kemur einkunnagjöf frá kennurum eigi síðar en viku eftir skil. Það er mjög jákvætt.
- Þegar spurt var um endurgjöf á krossapróf (e. quiz), skilaverkefni í skilahólf (e. assignment) eða önnur verkefni þá er einungis 44-48% nemenda sammála því að þeim fylgi leiðbeinandi og uppbyggilegar ábendingar. Nemendur eru minna sammála/ánægðir en á öðrum Likert-spurningum í könnuninni. Vandinn við skort á endurgjöf er ekki bara gagnvart krossaprófum heldur líka önnur verkefni sem eins og ritgerðir sem skilað er í skilahólf.
- Varðandi svör nemenda við spurningu 9 þá gefa nemendur oft almenn svör um áfangann eða engin svör. Þeir sem nefna þó skýrleika, hlýju jákvæðni og hve hratt endurgjöfin berst þeim.
- Varðandi svör við spurningu 10 þá kvarta nemendur yfir seinagangi við endurgjöf, engri endurgjöf eða að hún sé óskýr.
- Einkunnagjöf vegna áfangans var mjög hefðbundin hvað meðaltal og miðgildi varðar.

Reykjavík í ágúst 2026

Unnar Þór Bachmann
Gæðastjóri